

Borgarbyggð
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 5.september 2018
UST201806-335/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Litlu-Tunguskógur – Borgarbyggð - breyting

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Litla-Tunguskógar. Áætlað skipulagssvæði er staðsett sunnan Hvítár og norðan Hálsasveitarvegjar og norðaustan við Húsafell III.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er alls 22 ha og er stækkun á núverandi frístundasvæði sem liggur rétt sunnan við ofangreint svæði. Áætlaðar eru 21 frístundalóð á svæðinu ásamt lóð fyrir dæluhús

Einnig kemur fram að hraun og birkikjarr eru aðaleinkenni landssvæðisins, og að með tilkomu nýs frístundasvæðis fylgi ruðningur á hluta af birkiskógi á svæðinu í götustæðum og innan byggingarreita, tæpur 1 ha.

Birkikjarr

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er í 61. gr. fjallað um tiltekin vistkerfi er njóta sérstakrar verndar og þar kemur fram að sérstæðir og vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra njóti sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2.gr., sbr. og c-lið 3. gr. Einnig kemur fram að forðast beri að raska vistkerfum þ.á.m. birkiskógum nema brýna nauðsyn beri til .

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í deiliskipulagi komi fram með hvaða hætti röskun á birkiskógi verði sem minnst. Einnig þarf að koma hvar áætlað er að endurheimta 1 ha af birkiskógi í staðinn fyrir þann skóg sem tapast við að breyta svæðinu í frístundabyggð. Einnig bendir stofnunin á að skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, á Skógræktin að halda skrá yfir birkiskóga og slík skrá ætti að vera grunnur að mati á því hvaða birkiskógar eru mikilvægari en aðrir. Slík skrá gæti verið röksemd fyrir því hvort það sé í lagi að ryðja þennan birkiskóg fyrir frístundabyggð.

Hraun

Eldvörp, eldhraun gervíggar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma njóta sérstakrar verndar og forðast ber að raska slíkum jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr.60/2013. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að jarðmyndunum sé ekki raskað og því þarf að sýna í deiliskipulagstillögu hvernig helstu jarðmyndum er haldið óröskuðum.

Sérstök vernd

Í 537. stjórnarfrumvarpi til laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir og þar segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að : „*a. að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða,*


b. að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar, c. að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum. Þetta markmið gildir ekki fyrir framandi tegundir.“ Umhverfisstofnun bendir á þessi verndarmarkmið í frumvarpinu og mikilvægi þess að fjölbreytni vistgerða sé viðhaldið. Stofnunin bendir einnig á verndarmarkmið fyrir jarðmyndanir í frumvarpinu sem eru grunnur að sérstakri vernd í náttúruverndarlögunum.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að sýnd sé aðgát og forðast verði að raska birkiskóg og jarðmyndanir er njóta sérstakrar verndar í áætluðu deiliskipulagi.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Eva B Sólán Hannesdóttir
Lögfræðingur